

SKÚMUR

Skúmur er einkennisfugl hinna miklu sanda sunnan- og suðausturlands. Hann er dökkbrúnn með ljósbryddum fjöðrum á höfði, háls, bringu og baki. Hann er með svartan og sterklegan krókboginn gogg, sterklega svarta fætur og svört augu. Þegar skúmurinn flýgur þöndum vængjum eru ljósir blettir framarlega á vængjunum hans áberandi.

Á söndunum á Suður- og Suðausturlandi, svo sem á Skeiðarársandi, í Öræfum og á Breiðamerkursandi má oft sjá marga skúma saman, en þar verpa um $\frac{3}{4}$ hlutar íslenska stofnsins. Skúmurinn verndar hreiðrið sitt afar vel og hika ekki við að ráðast að fólki ef það hættir sér of nálægt hreiðrinu yfir varptímann. Hann verpur aðallega í dreifðum byggðum á sjávarmelum og grónum aurum jökuláa, en stundum í höfðum og eyjum. Egginn er tvö, skúmurinn liggur á þeim í fjórar vikur og 6–7 vikum eftir að ungi klekst úr eggjum verður hann fleygur.

Aðalfæða skúms er líklega sandsíli en hann lifir á fjölbreyttri fæðu úr dýraríkinu og er þekktur fyrir að leggja aðra sjófugla í einelti, svo sem fýla, svartfugla, máfa og jafnvel súlur sem eru stórir sjófuglar. Þá þvingar hann fuglana til að sleppa ætinu eða jafnvel æla því.

